

# Skólanámskrá 2010



## Efnisyfirlit

### 1 Inngangur

### 2 Grundvöllur leikskólastarfs

### 3 Upplýsingar um leikskólann

- 3.1 Leikskólinn Norðurberg
- 3.2 Umhverfi leikskólans
- 3.3 Yfirstjórn leikskólans

### 4 Uppeldissýn leikskólans

- 4.1 Umhverfismennt
- 4.2 Útikennsla
- 4.3 „Að næra hjartað“ (ANH)

### 5 Umhverfisstefna Norðurbergs

### 6 Undirstöðupættir leikskólastarfs

- 6.1 Daglegt líf
- 6.2 Leikurinn
- 6.3 Lífsleikni
- 6.4 Sérþarfir barna
- 6.5 Tengsl leik- og grunnskóla
  - 6.5.1 Samstarf Norðurbergs og Engidalsskóla
  - 6.5.2 Starf elstu barnanna

### 7 Námssvið leikskóla

- 7.1 Hreyfing
- 7.2 Málrækt
- 7.3 Myndsköpun
- 7.4 Tónlist
- 7.5 Náttúra og umhverfi
- 7.6 Menning og samfélag

### 8 Samstarf heimilis og leikskóla

- 8.1 Foreldrasamstarf
- 8.2 Aðlögun
- 8.3 Foreldrasamtöl
- 8.4 Foreldrafundir
- 8.5 Foreldrafélag
- 8.6 Foreldraráð
- 8.7 Heimasíða og upplýsingar

### 9 Mat á leikskólastarfinu

- 9.1 Sjálfsmat og ytra mat
- 9.2 Mat á stöðu leikskólabarna

### 10 Starfsmannahópurinn

- 10.1 Starfslýsingar
- 10.2 Símenntun starfsmanna
- 10.3 Skiplagsdagar og starfsmannafundir

**11 Hagnýtar upplýsingar**

- 11.1 Leikskólagjöld
- 11.2 Veikindi og fjarvistir
- 11.3 Óhöpp og slys
- 11.4 Fatnaður
- 11.5 Afmæli

## Inngangur

Í lögum um leikskóla nr. 78/1994 staðfesti menntamálaráðherra að ný Aðalnámskrá fyrir leikskóla skyldi taka gildi frá og með 1. júlí 1999 og um leið félli úr gildi Uppeldisáætlun sem fyrst var gefin út árið 1985 og endurútgefin 1993. Ný lög um leikskóla nr. 90 tóku gildi 1. júlí 2008.

Í Aðalnámskrá fyrir leikskóla frá 1999 segir að hverjum skóla sé skylt að semja sína skólanámskrá sem byggir á grunni hennar, en taki tillit til menningar, sérkenna og starfshátta hvers skóla fyrir sig. Í skólanámskránni sé innra starf leikskólans kynnt og sú hugmyndafræði sem unnið er eftir.

Vinna við gerð skólanámskrár Norðurbergs hófst haustið 2002 og komu flestir starfsmenn að þeirri vinnu. Myndaðir voru vinnuhópar starfsmanna þar sem rædd voru uppeldisviðhorf og æskilegar áherslur í starfi leikskólans. Vinnuhóparnir skiluðu síðan niðurstöðum á tölvutæku formi til leikskólastjóra. Deildarstjórar ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra mynduðu stýrihóp sem hélt utan um vinnuna og fór yfir alla kafla sem komu úr hópavinnu starfsmanna og sendu áfram til leiðbeinanda. Bryndís Garðarsdóttir, lektor við Kennaraháskóla Íslands, var leiðbeinandi starfsmanna í þessari vinnu. Leikskólinn þakkar henni fyrir góða samvinnu og ekki síst eiga þeir starfsmenn sem unnu að gerð námskrárinnar miklar þakkir skildar.

Gert er ráð fyrir að skólanámskráin sé endurskoðuð á þriggja ára fresti enda er leikskólastarfið í stöðugri þróun og tekur einhverjum breytingum á nokkurra ára millibili. Vegna ákveðinna aðstæðna í leikskólanum fór starfsmannahópurinn ekki í endurskoðun á skólanámskránni fyrr en haustið 2008 á skipulagsdegi sem haldinn var í Stykkishólmi. Allur starfsmannahópurinn tók þátt í endurmatinu en ritnefnd var stofnuð til að taka við hópavinnunni og setja skólanámskrána saman. Í ritnefnd voru Anna Borg, leikskólastjóri og ábyrgðaraðili, Júlíana Vilhjálmsdóttir, leikskólakennari og ritari hópsins og Katrín Guðbjartsdóttir, deildarstjóri.

Í skólanámskrá Norðurbergs er m.a. gerð grein fyrir markmiðum og inntaki starfsins og mati á leikskólastarfinu. Á hverju hausti er gerð starfsáætlun fyrir komandi skólaár, eða tímabilið frá janúar til desember, þar sem áherslur í hópastarfi koma fram. Foreldrar fá kynningu á henni á haustfundi leikskólans sem og nýtt skóladagatal. Frekari upplýsingar um leikskólann og það starf sem unnið er má finna á heimasíðu hans og er slóðin eftirfarandi: [www.leiksskolinn.is/nordurberg](http://www.leiksskolinn.is/nordurberg)

Hafnarfjörður 8. febrúar 2010

Anna Borg Harðardóttir

Leikskólastjóri

## 2. Grundvöllur leikskólastarfs

Samkvæmt lögum (nr.90/2008) er leikskólinn fyrsta skólastigið og skal hann í samvinnu við foreldra annast uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri. Sveitarfélög bera megin ábyrgð á rekstri leikskóla en menntamálaráðuneytið mótar uppeldisstefnu leikskóla með útgáfu Aðalnámskrár. Leikskóli er ekki skyldunám og hefur því nokkra sérstöðu sem fyrsta skólastigið. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna og er leikskólastarfið því viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Leikskólinn er fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu og trú.

Aðalnámskrá leikskóla frá 1999, er fagleg stefnumörkun um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans. Með útgáfu námskrárinnar er umhyggjan fyrir velferð barnsins höfð að leiðarljósi og stefnt að eðlilegri samfellu og stíganda á námsleið þess. Aðalnámskráin er hugmyndafræðilegur grundvöllur og stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf leikskóla þar sem lögð er áhersla á skapandi starf og leik barnsins. Samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008) skal megin markmið með uppeldi og kennslu í leikskóla vera að:

- fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- hlúa að börnum andlega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar
- stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelltri þróun
- rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar, m.a. í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta

Leikskólinn gegnir því hlutverki að rækta alhliða þroska barnsins sem felst m.a. í líkams- og hreyfiþroska, tilfinningaþroska, vistmunarþroska, málþroska, félagsþroska og félagsvitund, fagurþroska og sköpunarhæfni, siðgæðisþroska og siðgæðisvitund. Í leikskóla er ekki um hefðbundna kennslu að ræða þar sem stefnt er að ákveðinni fræðilegri þekkingu og því er lögð megin áhersla á uppgötvunarnám í gegnum leik barnsins.

### 3. Upplýsingar um leikskólann

#### 3.1 Leikskólinn Norðurberg

Leikskólinn Norðurberg tók til starfa 16. ágúst 1982. Fyrstu árin var leikskólinn tvísetinn, þ.e. boðið var upp á 4 tíma dvöl f.h. og 4 tíma dvöl e.h og komu börnin þá með nesti að heiman. Húsnæði leikskólans var einlyft timburhús, byggt ofan í gjótu í grónu einbýlis- og raðhúsahverfi. Deildirnar voru tvær, Klettaborg og Birkiból, þar til byggt var við húsið og gamla húsið endurnýjað frá grunni. Nýr og endurbættur leikskóli var tekinn í notkun 1. desember árið 2000. Í maí árið 2009 bættist svo ný deild, Lundur, við leikskólann, en hún er í sér húsnæði sem staðsett er í fallegu rjóðri vestan megin við leikskólabygginguna.

Norðurberg er nú fimm deilda leikskóli fyrir allt að 108 börn samtímis og búa börn og starfsmenn við góða vinnu- og hvíldaraðstöðu. Húsnæði leikskólans er samtals 989 fermetrar. Í leikskólanum eru tvær deildir fyrir börn á aldrinum 18 – 24 mánaða og nefnast þær Birkiból og Klettaborg. Álfasteinn og Tröllagil eru deildir fyrir börn á aldrinum 2 ára - rúmlega 3 ára. Þrjár deildir hafa þrjú leikherbergi, geymslu fyrir leikföng og snyrtingu. Á Klettaborg hafa yngstu börnin tvö leikherbergi, leikfangageymslu og snyrtingu. Lundur er ætluð tveimur elstu árgöngum leikskólans. Í Lundi eru fjórar góðar leikstofur með fataherbergi og eldhúsi í miðju. Þar er jafnframt góð aðstaða fyrir myndsköpun. Starfsmenn eru með fatahengi og salerni en nýta aðalbygginguna að öðru leyti við vinnu sína. Góð vinnuaðstaða er fyrir starfsmenn hússins í aðalbyggingunni, undirbúningsherbergi og góð fundaraðstaða fyrir minni fundi, sérkennsluherbergi, skrifstofa leikskólastjóra, skrifstofa aðstoðarleikskólastjóra og notaleg kaffistofa fyrir starfsmenn.

Aðalinnkoman í leikskólann er fallett og notalegt anddyri. Þetta er ekki bara innkoma heldur nýtum við rýmið fyrir ýmsa viðburði í dagatalinu. Við erum með sýningar í anddyrinu á hverju ári í tengslum við dag Sameinuðu þjóðanna og Bónadaginn. Starfsmenn og fjölskyldur barnanna koma með eitthvað skemmtilegt að heiman og búa þannig til litla sýningu öllum til gleði og ánægju. Inn af anddyrinu er salur til leikja og köllum við hann Kastala. Þar eru tónlistarstundir í viku hverri og á hverjum fimmtudegi koma deildirnar saman og syngja. Fjölbreyttar uppákomur eru yfir árið í Kastalanum. Í fataklefa Tröllagils og Álfasteins er bókasafn leikskólans og á milli þessarar deilda er Listasmiðja sem er öllum aðgengileg.

Leikskólinn lokar yfir sumarmánuðina, fjórar vikur í senn, og hefur skólaárið því bæði upphaf og endi. Ennfremur lokar Norðurberg í fimm daga á ári vegna skipulagsdaga og eru þeir auglýstir sérstaklega með mánaðar fyrirvara. Í upphafi hvers skólaárs er gefið út skóladagatal þar sem hefðbundnir viðburðir leikskólans koma fram og þeir menningarviðburðir sem leikskólinn tekur þátt í. Haldið er upp á afmæli Norðurbergs 1. desember ár hvert.

Leikskólinn er opinn alla virka daga frá kl. 7:30-17:00. Börnin eru með breytilegan dvalartíma, þ.e. allt frá 4 stundum og upp í 9,5 stundir daglega.

Stöðugildi leikskólans eru rúmlega 23 fyrir utan stöður vegna sérkennslu og afleysinga sem geta verið mismörg á milli ára. Tvö stöðugildi eru vegna ræstinga. Norðurberg hefur á að skipa starfsfólki með fjölbreytta menntun og menningarbakgrunn. Meginhluti þess eru leikskólakennarar, en einnig vinna á Norðurbergi matreiðslumaður og leiðbeinendur með margvíslega menntun og reynslu að baki.

### 3.2 Umhverfi leikskólans

Umhverfi Norðurbergs er mjög sérstakt. Mikið hraun, klettur og trjágróður eru í lóðinni og hraunkambar og fallegur, ræktaður gróður norðan og vestan megin við leikskólann. Það er því stutt að fara og njóta náttúrunnar í öllum sínum fjölbreytileika. Hraunið, mosinn, grasið, hávaxinn trjágróður, hraunbollar og klettur er rétt utan við leikskólann og því mótast starf hans töluvert af því. Einnig er falleg fjara í næsta nágrenni.



Leikskólalóðin sjálf er einstök að því leyti að náttúran hefur fengið að halda sér og mikið er um trjágróður, kletta og lítið er af útileiktækjum. Hún er stór og nær yfir töluvert landsvæði. Starfsmannahópurinn tók á sínum tíma ákvörðun um að þannig ætti lóðin að vera, náttúruleg, falleg, líkamlega krefjandi og skapandi!! Í lóðinni liggja trjádrumbar af öllum stærðum og gerðum sem börnin leika sér að og sem án efa efla hugmyndaflug og hvetja til þykjustuleikja, sem eru svo mikilvægir fyrir þroska barna. Það eru tvær síldartunnur (úr tré), Kaldalind og Garðalind, tengdar við vatnsniðurfall svo börnin geti

nálgast regnvatn á auðveldan hátt til að drullumalla. Í lóðinni er hóll þar sem börnunum er frjálst að drullumalla! Lóðinni er skipt niður í ákveðin svæði; sveitin (matjurtagarður), skógurinn (mikill trjágróður), hafið (sandkassi með bát í), kofabyggðin og bak við klettinn (yngstu börnin). Til gamans má geta að fyrir nokkrum árum var "sjáandi" fenginn til að ganga um lóðina og athuga hvort hér væru álfar og huldufólk. Viðkomandi sá álfa- og huldufólksbyggðir víðsvegar um lóðina. Í kjölfarið var byggðin kortlögð til gagns og gamans fyrir framtíðina. Lóðin í kringum Lund er án girðingar og er hugsunin að baki því að börnin þjálfist í að leika sér á opnu svæði líkt og þau gera þegar þau fara í grunnskóla. Þess skal þó getið að þar eru börnin aldrei að leik án eftirlits kennara.

### 3.3 Yfirstjórn leikskólans

Rekstraraðili leikskólans er Hafnarfjarðarbær. Fræðslustjóri er yfirmaður leikskóla Hafnarfjarðar og hefur hann yfirumsjón með rekstri og faglegu starfi leikskólanna. Hann er jafnframt sviðsstjóri fræðslusviðs. Þróunarfulltrúi leikskóla, leikskólaráðgjafi og sérkennslufulltrúi eru starfandi innan fræðslusviðs og þjónusta leikskólana. Innritunarfulltrúi sér um innritun barna í samráði við leikskólastjóra. Þessir samstarfsaðilar hafa aðsetur á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar sem staðsett er við Strandgötu 31. Þar eru einnig sálfræðingar og aðrir ráðgjafar sem leikskólinn og foreldrar hafa aðgang að. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar er þjónustumiðstöð í þágu menntunar í bæjarfélaginu. Undir hana heyra menntastofnanir sem reknar eru af sveitarfélaginu. Á Skólaskrifstofu er jafnframt starfrækt leikfanga- og fagbókasafn sem leikskólarnir hafa aðgang að.

#### Meginverkefni Skólaskrifstofu eru:

- umsjón og eftirlit með leik- og grunnskólum
- skólaþróun og nýbreytni í starfi
- ráðgjafarþjónusta
- endur- og símenntun
- eftirlit og umsjón með aðbúnaði

Fræðsluráð fer með málefni leikskóla og markar stefnu í uppbyggingu og rekstri þeirra í umboði bæjarstjórnar. Fulltrúi leikskólastjóra, foreldra og starfsmanna leikskóla sitja í ráðinu.



#### 4. Uppeldissýn leikskólans

Leikskólinn er fyrsta skólastig barnsins og mikilvægur þáttur í þroskaferli þess. Hvert barn er einstakt og ber að virða þarfir og sérstöðu hvers og eins barns óháð getu þess, reynslu og þroska. Börn eru mjög móttækileg og næm fyrir umhverfi sínu fyrstu æviár sín og því er lögð rík áhersla á að skapa börnunum hlýlegt, hvetjandi og skapandi umhverfi á Norðurbergi. Litið er á leikinn sem helstu námsleið barna og að í gegnum hann efla þau alla þroskaþættina. Í leik eiga börnin samskipti, þau eru að uppgötva og prófa sig áfram til að auka skilning sinn á sjálfum sér og umhverfi sínu. Í leiknum felast ögranir og í honum taka börnin þátt í tilraunum og efla þannig þekkingu sína á eðli hluta.

##### 4.1 Umhverfismennt

Lögð er rík áhersla á *umhverfismennt* í leikskólanum Norðurbergi og er hún fléttuð inn í daglegt líf barnanna. Þegar horft er á mikilvægi náttúrunnar í lífi mannsins verður ljós nauðsyn þess að um hana sé gengið af umhyggju og virðingu og rétt að stefna að því markmiði að hver kynslóð skili umhverfinu til komandi kynslóða í sama eða betra ásigkomulagi og tekið var við því (sjálbær þróun). Í leikskólanum er mikil áhersla lögð á flokkun á lífrænu sem ólífrænu sorpi. Það er flokkað inni á öllum deildum, í eldhúsi og öllum starfsmannarýmum. Nánar má lesa um umhverfisstefnu leikskólans í kafla 5, ásamt markmiðum og leiðum sem leikskólinn hefur sett sér varðandi umhverfismál.



## 4.2 Útikennsla

Á Norðurbergi er hugtakið *útikennsla* notað sem yfirheiti yfir skipulagðar stundir eða ferðir sem barnahópar leikskólans fara í utandyra. Undir útikennslu flokkast; hraunferðir (elstu börnin), náttúruskoðun (yngri börnin), skógarferðir (elstu börnin) og umhverfismennt úti (öll börnin). Hér á árum áður voru börn mikið úti og í nánnum tengslum við náttúruna sem varð til þess að umhverfisvitund þeirra þróaðist án sérstakrar örvunar fullorðinna. Í dag eyða börn aftur á móti stærstum hluta dagsins innvið eða í manngerðu umhverfi og kunnáttu sína um náttúruna fá þau gjarnan að stórum hluta í gegnum ýmsa miðla. Í æsku byrja viðhorf einstaklinga að mótast og hefur því verið haldið fram að þróað börn ekki jákvæð viðhorf gagnvart náttúrunni á fyrstu árum ævi sinnar, sé hætta á að þau tileinki sér aldrei slík viðhorf. Það er því nauðsynlegt að byrja snemma á því að kynna náttúruna fyrir börnum og gera þeim grein fyrir mikilvægi þess að ganga vel um og bera virðingu fyrir henni. Það þarf að veita þeim tækifæri til dvalar í náttúrunni þar sem þeim er kennt að njóta hennar og umgangast á réttan hátt. Það getur orðið til þess að börn tengist náttúrunni traustum böndum og læri að virða hana og meta. Slík umgengni getur síðan orðið góður grunnur og haft áhrif á ákvarðanir þeirra varðandi nýtingu og verndun náttúrunnar í framtíðinni. Nánar er sagt frá útikennslu leikskólans í kafla 7.5, Náttúra og umhverfi.



Leikskólinn vinnur eftir *árstíðunum fjórum* og eru verkefni skipulögð í tengslum við þær. Sáð er á vorin og uppskorið á haustin og settir eru niður laukar og fræ. Á Norðurbergi eru unnin ýmis myndmenntarverkefni tengd árstíðunum og er þá að mestu notast við verðlaust



efni og efni úr náttúrunni. Sungin eru árstíðabundin lög að hluta og lesnar og sagðar sögur sem tengjast árstíðunum. Einnig eru barnahóparnir myndaðir á leynistöðunum á vorin, sumrin, haustin og á veturna. Þannig geta þau fylgst með breytingunum sem verða á leynistöðum eftir því hvaða árstíð er.

#### 4.3 „Að næra hjartað“ (ANH)

Á Norðurbergi er lögð til grundvallar uppeldisaðferð sem kallast „Að næra hjartað“ (ANH) og byggir á hugmyndafræði Howard Glasser „The nurtured heart approach.“ Lögð er áhersla á jákvæð samskipti við börnin í leik og námi, þar sem starfsmenn leggja sig fram við að taka eftir börnunum þegar vel gengur og spegla athafnir þeirra í orðum. Þetta er gert með því að kenna samskipta- og umgengnisreglur áður en þær eru brotnar og umbuna fyrir jákvæða hegðun. Einnig er lögð áhersla á að rækta með börnunum þá eiginleika og lífsgildi sem starfshópurinn hefur sameinast um og hefur trú á, með því að hafa orð á því þegar þau eru sýnd. Þetta eru gildi eins og kurteisi, hjálpssemi og tillitssemi.



## 5. Umhverfisstefna leikskólans

Leikskólinn Norðurberg setti sér umhverfisstefnu sumarið 1998 með það að leiðarljósi að vernda umhverfið og náttúruna. Starfsfólk setti sér markmið og leiðir strax í upphafi og hefur sú vinna þróast frá þeim tíma. Innleiða þurfti nýja starfshætti t.d. varðandi innkaup, notkun orku, vatns og efna og flokkun á sorpi. Norðurberg hefur hlotið nokkrar viðurkenningar fyrir starf sitt í þágu umhverfis. Má þar nefna viðurkenningu fræðsluráðs Hafnarfjarðar fyrir kennslu í umhverfismennt árið 2008, umhverfisverðlaun Umhverfissráðuneytisins árið 2002, viðurkenningu á Degi umhverfisins, 25. apríl 1999 (frá Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar), viðurkenningu frá Sorpu og Mjólkursamsölunni árið 1998. Leikskólinn fékk Grænfánann vorið 2003, fyrstur leikskóla í landinu. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem táknið um góða umhverfismennt og umhverfisstefnu í skólum. Fánann fá skólar í kjölfar verkefna sem er ætlað að efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skóla um umhverfismál.



Í leikskólanum eru tvö umhverfissráð starfandi, eitt fyrir kennara og foreldra (umhverfissráð leikskólans) og annað fyrir börn og kennara (umhverfissráð barna). Umhverfissráð leikskólans hittist einu sinni í mánuði yfir veturinn en umhverfissráð barna hittist nokkrum sinnum frá áramótum fram til vors ár hvert.

Hlutverk umhverfissráðs leikskólans er:

- að hvetja starfsmenn og börn til að fylgja umhverfisstefnu leikskólans eftir
- að sjá um eftirlit inni á deildum

- að bera ábyrgð á átaksverkefnum í ýmsum þáttum umhverfisstefnunnar
- að lesa af rafmangs- og heitavætnismælum og skrásetja í hverjum mánuði
- að undirbúa og sækja um Grænfánann annað hvert ár
- að breiða út boðskapinn og vera öðrum góð fyrirmynd

Á fundum umhverfisráðs barna er umræða um Grænfánann, flokkunina og hvað við getum gert til að menga sem minnst í umhverfi okkar. Þetta eru fundir með fundarstjóra og fundarritara, og það er alltaf boðið upp á vatn!! Á hverjum fundi eru fjórir „umhverfisráðherrar“ valdir til að ganga um leikskólann og athuga hvort deildirnar fari sparlega með rafmagn, hita og hvort það sé rétt flokkað. Ef þessi atriði eru í lagi þá fá deildirnar viðurkenningu fyrir, fallega stjórn á áberandi stað. Fundargerðir barnanna eru á heimasíðunni undir Grænfána-flípanum og einnig fundargerðir umhverfisráðs leikskólans.

Segja má að helstu markmið leikskólans Norðurbergs varðandi umhverfismál hafi verið römmuð inn þegar ákveðið var að búa til umhverfissáttmála fyrir leikskólann til að starfa eftir. Allt starfsfólk tók þátt í smíði sáttmálans, sem er eftirfarandi: *Leikskólinn Norðurberg leggur áherslu á umhverfismennt með það að markmiði að börnin þekki og virði umhverfi sitt og náttúru og taki ábyrgð á eigin hegðun í umhverfi sínu. Leikskólinn tileinkar sér aðferðir og starfshætti umhverfisverndar varðandi almenn innkaup á vörum og matvælum, notkun efna, orku og vatns og meðferð á lífrænum sem ólífrænum úrgangi.*





Hér á eftir eru markmið leikskólans í umhverfismálum og leiðirnar sem farnar eru til að ná þeim markmiðum.

**\*\*\* Markmiðið er að barnið kynnist umhverfi leikskólans og þeirri náttúru sem umlykur það og læri að bera virðingu fyrir henni**

**Leiðir:** Leiðir leikskólans að þessu markmiði má finna í kafla 7.5, Náttúra og umhverfi.

**\*\*\* Markmiðið er að minnka orku- og vatnsnotkun innan leikskólans.**

**Leiðir:** Á Norðurbergi eru ljós ekki látnin loga í mannlausu herbergi og er séð til þess að rafmagnstæki séu ekki í gangi að óþörfu. Til að minnka enn frekar rafmagnsnotkun er mynd af „slökkviliðsmanni“ (táknrænt) fyrir ofan hvern rofa í leikskólanum. Allir eru því „slökkviliðsmenn“ í húsinu og allir eru ábyrgir. Umhverfísráð barna gengur um leikskólann einu sinni í mánuði og athugar hvort deildirnar spari rafmagn og hita. Geri þær það þá fá þær viðurkenningu sem hangir uppi fram að næstu eftirlitsferð.

Einu sinni á ári er átaksvika, þar sem allir eru minntir vel og vandlega á að spara alltaf rafmagn og heitt vatn. Lesið er á rafmagns- og heitavatnsmæla um hver mánaðarmót til að fylgjast með notkuninni.

**\*\*\* Markmiðið er að flokka lífrænan úrgang frá öðru sorpi og molta hann.**

**Leiðir:** Börnin í leikskólanum eru upplýst um hvað sé lífrænn úrgangur og að hann breytist í moltu sé honum safnað í safnkassa. En til þess að leikskólabörn átti sig á þessu ferli verða þau að fá tækifæri til að taka þátt í því, því þau læra jú best á því að upplifa og prófa sjálf. Á hverri deild er fata sem nefnist „Svangi Mangi“ og í hana setja börn og fullorðnir matarafanga. Umhverfísráð barna fylgist með hvort „Svangi Mangi“ sé í lagi og veitir deildum viðurkenningar ef svo er.

**\*\*\* Markmiðið er að flokka ólífrænan úrgang, skila endurvinnanlegum umbúðum á endurvinnslustöð og endurnota og endurnýta það sem ekki er hægt að endurvinna.**

**Leiðir:** Ólífrænn úrgangur er flokkaður í leikskólanum. Gegnsæir flokkunarkassar eru í anddyri leikskólans. Þangað fara börn og starfsmenn með hluti til flokkunar og með því að hafa flokkunarkassa svo miðsvæðis, gefst börnunum tækifæri til að fylgjast með hvað er í kössunum og setja í þá sjálf. Þessi úrgangur fer síðan að mestu leyti í gám sem stendur á leikskólalóðinni, en alltaf þarf að fara með einhvern hluta á næstu endurvinnslustöð, s.s. rafhlöður, gler og skilagjaldsskyldar umbúðir. Börnin taka þátt í að tæma flokkunarkassana. Hafa ber í huga að leikskólabarnið lærir af því að gera hlutina sjálft. Þess vegna er nauðsynlegt að upplýsa barnið þegar hlutirnir gerast, t.d. þegar það finnur álbút þá er tilvalið fyrir starfsmann að setja ákveðið ferli af stað; leyfa barninu að setja bútinn í flokkunarkassa fyrir málma, þar sem hægt er að endurvinna nýjan málma úr þeim gamla. Þannig fræðist og nemur litla leikskólabarnið.

Elstu börnin fara í stundir sem kallaðar eru *umhverfismennt úti* einu sinni í viku (yngri börnin sjaldnar), og er það eins og áður hefur komið fram hluti af útikennslu leikskólans. Í þessum stundum fara börnin t.d. með fernur í gáma í nágrenni leikskólans, þau tína rusl í kringum leikskólann og flokka það, fara í heimsókn í kjörbúð í nágrenni leikskólans til að athuga hvort þau sjái vörur merktar með umhverfismerkjum og svo mætti lengi telja. Þessar stundir eru einnig notaðar til að kynna moltugerð fyrir börnunum. Þau taka þátt í að tæma úr „Svanga Manga“ í safntunnur á leikskólalóðinni og hræra í þeim. Einnig hjálpa þau til við að tæma safntunnurnar og sigta moltuna sem kemur úr þeim, þannig að hún verði tilbúin til notkunar. Á þennan hátt fylgjast börnin með og taka þátt í niðurbrotsferlinu sem verður þegar matarafgangar verða að moltu.



Leikskólinn kaupir ekki plastpoka undir rusl. Allir plastpokar sem til falla eru notaðir undir óhrein föt og það sem fer í venjulega sorptunnu. Er þá sama hvort um er að ræða umbúðir undan mat eða venjulega plastpoka sem leikskólanum áskotnast.

Alltaf er leitast við að fá gefins afgangspappír fyrir myndmennt með börnunum. Pappírsumbúðir undan mat eru einnig klipptar niður til þess að börnin geti fönðrað úr þeim eða teiknað á þær. Allur pappír sem hefur verið notaður og á að henda er flokkaður og hluti af honum (skrifstofupappír) er notaður aftur í pappírsgerð. Pappírinn sem búinn er til er svo notaður í afmælis- og uppákomukort.

Á Norðurbergi eru notaðar taubleiur fyrir yngstu börnin á meðan þau eru í leikskólanum.

**\*\*\* Markmiðið er að kaupa inn lífrænt ræktaðan mat.**

**Leiðir:** Deildarstjóri eldhúss kaupir inn lífrænt ræktað íslenskt grænmeti þegar það á við, frá júlí til nóvember ár hvert. Lögð er áhersla á að fá sem flestar matvörur lífrænt ræktaðar, s.s. hveiti, spelt, hrísgrjón, haframjöl, pasta og sojakjöt. Einnig er lögð áhersla á hollt og gott mataræði fyrir börnin. Unnar matvörur eru sjaldan í boði og grænmeti og ávextir hafðir í flest mál.

Nánari upplýsingar um matseldina á heimasíðu leikskólans [www.leikskolinn.is/nordurberg](http://www.leikskolinn.is/nordurberg) undir flípanum *Daglegt starf – Um matinn*.

**\*\*\* Markmiðið er að ræsta leikskólann á umhverfsvænan hátt.**

**Leiðir:** Það er fyrst og fremst vatnsræsting í húsinu og örtrefjaklútar eru notaðir til að halda gljáa á vöskum, speglum og rúðum. Umhverfsvæn gólfsápa er notuð í mjög litlu mæli og þá aðeins á verulega óhrein gólf í fataklefum.





## 6. Undirstöðupættir leikskólastarfsins

### 6.1 Daglegt líf

Athafnir og daglegt líf barna í leikskólum lúta að líkamlegum og andlegum þörfum þeirra, heilsu, aldri, þroska og samsetningu barnahópsins. Í samskiptum sínum við umhverfið læra börnin að vera virkir þátttakendur. Leikskólanám er samþætt, þar sem nám fer fram í öllum þeim aðstæðum sem barnið tekur þátt í. Því má segja að í leikskólanum fari fram bæði formlegt og óformlegt nám. Formlega námið fer að mestu fram í hópastarfi. Óformlega námið fer fram í hinum ýmsu athöfnum á mismunandi tímum og lögð er áhersla á að börnin nái færni í daglegum athöfnum, s.s. í tengslum við að koma eða fara, matmálstíma, hreinlætisvenjum, í fataklefa og við önnur dagleg störf. Dagskipulagið tekur mið að því að saman fléttist umönnun, leikur, starf og nám.

### Dagskipulag

7:30	leikskólinn opnar
7:30-8:20	leikur
8:20-9:00	morgunmatur
9:00-10:00	leikur, samverustund, söngstund á fimmtudögum
10:00-11:00	Mánudagur: leikur/hreyfistund/val/útivera
	Þriðjudagur: hópastarf/útikennsla/könnunarleikur
	Miðvikudagur: hópastarf/útikennsla/könnunarleikur
	Fimmtudagur: hópastarf/útikennsla/könnunarleikur
	Föstudagur: leikur/hreyfistund/val/búleikni
11:00-11:30	undirbúningur fyrir hádegismat
11:15-12:30	hádegismatur
12:00-14:00	hvíld og sögustund
13:00-14:30	leikur úti sem inni/hreyfistund/tónlistarstund/textílmenn
14:30-15:30	nónhressing
15:00-17:00	leikur/deildar sameinast
17:00	leikskólinn lokar

### Koma og fara

Lögð er áhersla á að taka vel á móti börnum og foreldrum. Heilsað er með því að bjóða „góðan dag.“ Allir fá persónulega þjónustu og litið er svo á að allir séu jafn mikilvægir. Foreldrar eru hvattir til að koma inn á deild, bæði þegar þeir koma með barnið og þegar það er sótt. Mjög mikilvægt er að starfsmenn séu látnir vita þegar barn yfirgefur leikskólann. Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að láta starfsfólk deilda vita ef einhver annar aðili sækir barnið. Umboðsmaður barna mælist til að sá sem kemur með eða sækir barn í leikskóla sé ekki undir 12 ára aldri.

### **Matmálstímar**

Mikilvægt er að ró og friður ríki á matmálstímum. Í matartímum er lögð áhersla á að börnin æfi sig í að leggja á borð og aðstoði við að ganga frá. Áhersla er lögð á góða borðsiði og að allir sitji til borðs þar til máltíð er lokið. Við matarborðið skapast oft góð tækifæri til að spjalla saman og hlusta hvert á annað. Þá er mikilvægt að fullorðnir séu meðvitaðir um að hrósa fyrir góða hegðun og leiði hjá sér neikvæða hegðun (ANH). Börnin eru hvött til að smakka allan mat, skammta sér hæfilega og klára matinn til að sem minnst fari í „Svanga Manga“ (lífræna sorpið). Almennt eru börnin hvött til að gera sem mest sjálf við matarborðið.

### **Samverustundir**

Í samverustund að morgni dags, hittast öll börnin á deildinni. Fylgst er með hverjir eru mættir, lesnar eða sagðar sögur, sungið og farið í ýmsa leiki og boðið er upp á ávexti. Í samverustund gefst gott tækifæri til að taka eftir og veita jákvæðri hegðun athygli (ANH).

### **Hópastarf**

Í hópastarfi er börnunum skipt í hópa eftir aldri og unnið er undir leiðsögn hópstjóra. Hópastarfið fer ýmist fram úti eða inni og tekur mið af starfsáætlun leikskólans. Í hópastarfi er leitast við að þjálfa markvisst sem flesta þroskapætti barnsins undir stjórn hópstjóra. Hópastarfstímarnir hafa upphaf, miðju og endi.

### **Könnunarleikur**

Könnunarleikur (Heuristic Play with Objects) felst í því að bjóða litlum hópi yngstu barna leikskólans aðgang að ýmsum ólíkum hlutum sem þau leika sér með án afskipta fullorðinna. Til leiksins er notað alls kyns verðlaust efni eins og; dósir, ílát, pappahólfar, tvinnakefli, keðjubútar, könglar, borðar og margt fleira. Í leiknum rannsaka börnin þessa hluti og uppgötva eðli þeirra á eigin forsendum, án afskipta kennara. Mikil áhersla er lögð á að hinn fullorðni skipti sér ekki af leik barnanna nema nauðsyn beri til, þ.e. ef barn fer að henda hlutum og trufla leik hinna barnanna. Kennari situr afsíðis og fylgist með. Frágangur og tiltekt er hluti af leiknum.

### **Útikennsla**

Öll börn fara í útikennslu einu sinni til tvisvar í viku. Nánari upplýsingar um útikennslu í leikskólanum má finna í kafla 4.2, *Útikennsla* og í kafla 7.5, *Náttúra og umhverfi*.

### **Valtímar**

Val er eingöngu í boði á eldri deildum. Markmiðið með vali er að stuðla að sjálfstæði og sjálfræði barnanna og að þau fái tækifæri til að velja það sem þau hafa áhuga á. Jafnframt er markmiðið að bjóða upp á fjölbreytileg viðfangsefni. Börnin geta meðal annars valið um að fara í leiki í Kastala, leira, kubba, fara í dúkkukrök, myndlist, fara á milli deilda o.fl. Í vali venjast börnin því að standa við val sitt, taka tillit hvert til annars og að vinna saman.

### **Söngstund**

Söngstundir eru einu sinni í viku í Kastala. Þá koma börn af öllum deildum og syngja saman. Hvert barn fer að meðaltali einu sinni til tvisvar í mánuði í söngstund.

### **Hvíld / sögustund**

Að hádegismat loknum er hvíld í leikskólanum. Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og yngstu börnin sofa (úti sem inni) en þau eldri hlusta á sögur eða tónlist.



### **Fataklefi**

Í fataklefanum er markmiðið að börnin læri að klæða sig sjálf. Þar fá þau hvatningu til að gera sem mest sjálf og einnig til að hjálpa hvert öðru og ganga frá eftir sig. Í fataklefanum gefst einnig gott tækifæri til málörvunar og þar eflist líka félagsþroski og hjálpssemi barnanna.

### **Útivist**

Útivist er hluti af daglegu lífi í leikskólanum og fara öll börn leikskólans út að lágmarki einu sinni á dag innan lóðar leikskólans. Eins og áður hefur komið fram er leikskólalóðin mjög sérstök því þar hefur náttúrulegt umhverfi fengið að halda sér, sem ýtir undir ímyndunarafli barnsins og hvetur það til þykjustuleikja. Útivist eflir andlega og líkamlega heilsu, vellíðan, styrk og þol.

### **Hreyfistundir**

Skipulagðar hreyfistundir fara fram í Kastalanum (sal leikskólans) og fara börnin að meðaltali tvisvar í mánuði í þær. Kastalinn er rúmgóður og vel tækjum búinn til stöðvaleikja, þar er t.d. leikfimivagn sem geymir ýmis leikfimiáhöld. Allar hreyfistundir hafa upphaf, miðju og endi. Byrjað er á að hita upp, síðan er farið í annað hvort hópleiki, leiki með bolta eða þrautabrautir. Endað er á slökun og teygjum.



### **Tónlistarstundir**

Tónlistarstundir eru í Kastala fyrir eldri börnin og inni á deildum fyrir yngri börnin í hverri viku. Verkefni í tónlistarstundum fara eftir aldri og getu barnanna hverju sinni. Nánar er hægt að lesa um tónlistarstundirnar í kafla 7.3, *Tónlist*.



## 6.2 Leikurinn

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að leikurinn sé hornsteinn leikskólastarfsins og að hann sé lífstjáníng barna, ríkjandi athöfn og mikilvægasta náms- og þroskaleið þeirra. Þar kemur fram að frjáls og sjálfspróttinn leikur sé hið eðlilega tjáníngarform barna og að í leik læri þau margt sem enginn geti kennt þeim (Aðalnámskrá leikskóla 1999:11). Í bernsku felur leikur í sér nám hjá börnum og þegar þau leika eykst alhliða þroski þeirra. Í leik geta börn lært um lífið og tilveruna og um það sem er í kringum þau. Þegar börn leika fá þau tækifæri til að vinna úr upplifunum sínum og prófa sig áfram, sem getur orðið til þess að þau öðlist skilning á því sem er að gerast í lífi þeirra hverju sinni.



Í leik með öðrum eykst félagsþroski barna. Þau læra t.d að hlusta og virða sjónarmið annarra, komast að samkomulagi, aðlaga sig að hugmyndum og tillögum annarra og koma um leið eigin hugmyndum á framfæri. Þegar börn hlaupa um og hreyfa sig í leik eykst hreyfiþroski þeirra og þegar þau leika í félagi með öðrum eykst málþroski þeirra, því leikurinn krefst þess að þau tjái sig og hlusti á aðra. Á þessu má sjá að í leik fer fram mikið sjálfsnám hjá börnum og má því ætla að leikumhverfi þeirra þurfi að vera fjölbreytt og hvetjandi til þess að það geti talist þroskavænlegt.

Á Norðurbergi fléttast leikurinn inn í daglegt líf barnanna. Þeim gefst góður tími til leiks og lögð er áhersla á að efniviður sé fjölbreyttur og vandaður hvort sem um er að ræða innandyra eða utan. Börnin geta til dæmis valið úr fjölbreyttum efniviði til hlutverka- og kubbaleikja (einingakubba, holkubba, skógarkubba, Legokubba o.fl.). Þau geta púslað,

perlað, teiknað og litað, skoðað bækur og einnig geta þau notað ýmiskonar verðlaust efni til leiks, eins og korktappa, köngla, leggi og skeljar og margt fleira. Á öllum deildum leikskólans eru tölvur sem börnin geta haft aðgang að.

### 6.3 Lífsleikni

Lífsleikni er færni til að takast á við lífið sjálf. Í Aðalnámskrá leikskóla segir að lífsleikni byggist á færni barna í samskiptum hvert við annað, rökrænni tjáningu og virðingu þeirra fyrir umhverfinu. Í leikskóla beri að efla lífsleikni barna m.a. með því að rækta alhliða þroska þeirra, kenna þeim lýðræðisleg vinnubrögð sem og að kenna þeim að virða reglur (Aðalnámskrá leikskóla 1999:16). Þetta er haft í huga þegar starfið með börnunum er skipulagt í leikskólanum. Hvort sem um er að ræða hópstarf, samverustundir, útiveru, í fataklefa, leik eða í matmálstíma, þá hugum við að því að börnin öðlist þessa færni í samræmi við getu þeirra og reynslu. Lífsleikni er fléttuð inn í daglegt starf á sama hátt og umhverfismenntin og „Að næra hjartað“ (ANH). Það er ekki síst í gegnum þessa þætti sem barnið öðlast ákveðna lífsleikni.



Áhersla er lögð á að í hópstarfi finni hvert barn að það er hluti af stærri heild og finni þannig fyrir samstöðu og hjálpssemi þar sem allir vinna að sömu markmiðum, en þó hver með sínum hætti. Starfsfólk tekur eftir og hefur orð á því þegar börnin virða reglur leikskólans og sýna góðar dyggðir, svo sem hjálpssemi, tillitsemi, hugulsemi og kurteisi. Börnunum er jafnframt kennt hvaða merkingu hugtökin hafa og hversu mikilvægir eiginleikar þeirra eru sem veganesti í lífinu.



Börnunum er kennt að umgangast náttúruna af virðingu og eru hvött til að skoða fjölbreytileika hennar. Þau fá tækifæri til að skoða eigin menningu þannig að þau verði stolt af uppruna sínum, venjum og hefðum auk þess sem þau fá innsýn í aðra menningarheima. Þannig læra þau tillitsemi og umburðarlyndi gagnvart ólíkum hugsunum, skoðunum og reynslu. Ýtt er undir hjálpsemi barna í milli og unnið markvisst að því að þau læri að sýna samhug og samkennd. Norðurberg er í samvinnu við Hafnarfjarðardeild Rauða krossins og taka börnin virkan þátt í söfnun á peningum, fötum eða leikföngum til barna á barnaheimilum í þróunarlöndum.

#### 6.4 Sérþarfir barna

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að leikskólinn sé fyrir öll börn óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu eða trú. Taka beri tillit til barns sem á einhvern hátt sé fatlað eða með tilfinninga- og/eða félagslega erfiðleika og mæta þörfum og styrkja sjálfmynd þess. Barn sem búi við langvarandi veikindi, skuli njóta dvalar í leikskóla eftir því sem heilsa þess og kraftar leyfa (Aðalnámskrá leikskóla 1999:7,15).

Sérkennslustjóri hefur umsjón með og ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslu. Hann sér um samskipti við foreldra, sérfræðinga og ráðgjafa sem að málinu koma, ásamt deildarstjóra og stuðningsaðila. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þau börn sem eru með frávík og njóta sérkennslu eða sérfræðipjónustu. Þær eru unnar af leikskólakennara og stuðningsaðila í samráði við foreldra og sérkennslustjóra. Einstaklingsnámskrá gefur upplýsingar um markmið sem sett eru fyrir hvert barn og leiðir sem farnar eru til að ná þeim markmiðum. Sérkennslan er fléttuð inn í daglegt starf eins mikið og unnt er. Leikskólinn rekur heildstæða skólastefnu sem byggir á því að aðstoða barn með sérþarfir sem mest í barnahópnum. Þess er gætt að barnið einangrist ekki heldur aðlagist barnahópnum og njóti eðlilegra félagslegara tengsla. Leikskólinn sækir alla sérfræðipjónustu til Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.



## 6.5 Tengsl leik- og grunnskóla

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að mikilvægt sé að samstarf sé á milli leik- og grunnskóla til þess að stuðla að samfellu í uppeldi og menntun barnanna, og til þess að þau upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskóla (Aðalnámskrá leikskóla 1999:33).

### 6.5.1 Samstarf Norðurbergs og Engidalsskóla

Leikskólinn Norðurberg og Engidalsskóli hafa átt gott samstarf í gegnum árin. Skólarnir eru báðir í Norðurbæ Hafnarfjarðar og hefja flest börnin sem stunda nám á Norðurbergi skólagöngu sína í Engidalsskóla. Segja má að samstarf skólanna hafi hafist fyrir alvöru þegar þeir sóttu báðir um Grænfánann árið 2003 og hefur það aukist og þróast þó nokkuð síðan þá. Segja má að nú snúist samstarf skólanna aðallega um að brúa bilið á milli leik- og grunnskólagöngu barnanna sem þar stunda nám.



Gagnkvæmar skólaheimskóknir eru á milli elstu barna Norðurbergs og 1. bekkjar Engidalsskóla. Elstu börnin fara í tvær heimskóknir í Engidalsskóla. Þau fara öll saman í eina heimskókn þar sem þau fá að skoða skólabygginguna undir leiðsögn kennara. Að vori er börnunum síðan skipt niður í litla hópa og þá fá þau að sitja tíma með 1. bekk. Grunnskólabörnin koma í heimskókn til elstu barna Norðurbergs að hausti. Yfir skólaárið er farið af og til með börnin á skólalóð Engidalsskóla og þeim leyft að leika þar. Þetta er gert til þess að þau kynnist umhverfi skólans og verði örugg.



### 6.5.2 Starf elstu barnanna á Norðurbergi

Við höfum kosið að kalla starf elstu barnanna í leikskólanum *farfuglaþing* og stendur það frá október ár hvert fram í maí. Markmiðin með þessu starfi eru:

- að börnin þjálfist í að vera saman og vinna saman í stórum hóp
- að börnin læri og þjálfist með sér vönduð og sjálfstæð vinnubrögð
- að börnin læri að fylgja fyrirmælum

Verkefni sem elstu börnin vinna að yfir skólaárið eru mjög fjölbreytt og felast m.a. í því að fara í ýmsar vettvangsferðir og vinna úr þeim í leikskólanum. Verkefnum barnanna er safnað í bækur sem þau hafa sjálf búið til frá grunni. Þau marmorera (skreyta) pappír og líma á bókarkápur og sauma blaðsíðurnar saman.



Fyrir áramót vinna börnin með vináttuna, þau heimsækja höfuðstöðvar Sorpu, fá Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins í heimsókn, fara í heimsókn á Hrafnistu og kynnst Hnotubrjótnum eftir Tchaikovsky, í gegnum sögulestur, tónverk og teiknimynd. Eftir áramótin og fram til vors fara þau svo í kynnis- og vettvangsferðir á ýmsar stofnanir og söfn. Þau fara t.d. í heimsóknir í Hafnarborg, Ásmundarsafn, Þjóðminjasafn Íslands, Náttúrugripasafn Kópavogs, Bókasafn Hafnarfjarðar, Hrafnistu, Víðistaðakirkju og á lögreglustöðina. Ennfremur erum við vakandi fyrir því sem er á döfinni hverju sinni.

Skógarferð og vistaskipti við leikskólann Hlíðarenda er orðinn fastur liður í starfsemi elstu barnanna. Skógurinn er í útjaðri Höfðaskógar örskammt frá Hlíðarenda, þar sem börnunum

er boðið í hádegismat. Samtímis eru elstu börnin á þaðan í fjöruferð við Herjólfsgötu og borða hádegismat á Norðurbergi.

Eiginlegu starfi elstu barnanna lýkur með útskrift og kveðjuhófi sem þau taka þátt í að undirbúa. Þá fá þau fá útskriftarskjal og rós og borða saman pizzu sem þau hafa sjálf tekið þátt í að búa til.

Í júní fara börnin svo í útskriftarferð, í tjaldútilegu upp að Hvaleyravatni og gista eina nótt.



## 7. Námsvið leikskóla

Námsvið leikskóla eru áherslupættir í leikskólastarfi. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla eru námssviðin sex og skulu þau vera samofin undirstöðuþáttum leikskólastarfsins, þ.e. leik, daglegri umönnun, félagslegum samskiptum og almennri lífsleikni (Aðalnámskrá leikskóla 1999:19).

Námssvið leikskóla eru:

- Hreyfing
- Málrækt
- Myndsköpun
- Tónlist
- Náttúra og umhverfi
- Menning og samfélag

Í næstu köflum verður sagt frá markmiðum leikskólans fyrir hvert námsvið fyrir sig og leiðirnar sem farnar eru til að ná þeim markmiðum.

### 7.1 Hreyfing

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að börn hafi ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Öll hreyfing stuðli að andlegri og líkamlegri vellíðan ásamt því að hafa áhrif á heilsu, snerpu, þol, samhæfingu hreyfinga og jafnvægi. Í leikskóla beri því að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi (Aðalnámskrá. 1999:19). Samfélagið breytist hratt og tækifæri barna til hreyfingar eru oft takmörkuð. Það er því sífellt mikilvægara að lögð sé áhersla á hreyfipjálfun barna í skólum, þar sem þau dvelja stóran hluta dagsins. Með hreyfingu læra börnin að stjórna líkama sínum og uppgötva hvernig þau geta notað hann. Ung börn eru móttækileg fyrir því að læra um heilbrigðan lífsstíl, sem getur verið grunnur að góðu og heilbrigðu líferni seinna á lífsleiðinni.

#### \*\*\* Markmiðið er að stuðla að jákvæðu viðhorfi til hreyfingar.

**Leiðir:** Starfsfólk Norðurbergs er meðvitað um mikilvægi hreyfingar. Börnin eru hvött til að ganga á milli staða og farið er reglulega með þau í gönguferðir, yngstu börnin í kringum leikskólann og eftir því sem þau eru eldri fara þau lengri leiðir. Foreldrar eru jafnframt hvattir til þess að koma gangandi eða hjólandi með börnin, og annað slagið eru gerðar kannanir á því hvernig börnin koma í leikskólann. Tvisvar á ári eru skipulagðir hjóladagar þar sem börn, foreldrar og starfsmenn eru hvattir til að koma hjólandi.

#### \*\*\* Markmiðið er að auka úthald og líkamlega getu barnanna ásamt því að efla líkamsvitund þeirra og samhæfingu hreyfinga.

**Leiðir:** Skipulagðar hreyfistundir eru hafðar reglulega fyrir börnin í Kastalanum (sal leikskólans). Þá eru börnin þjálfuð í grófhreyfingum, s.s. að klifra, hlaupa, hoppa og fara í skipulagða leiki. Einnig fara börnin í þrautabrautir og frjálssa leiki, auk þess sem þau byggja úr Holkubbum. Holkubbar eru úr tré, stórir og holir að innan. Þeir reyna á líkamlegan styrk barnanna og byggingar með þeim reyna einnig á samvinnu þeirra í milli.



Einu sinni á ári er skipulagður íþróttadagur leikskólabarna í Hafnarfirði. Öll börnin í leikskólanum taka þátt í þessum degi og fá elstu börnin þá að fara í íþróttahús Víðistaðaskóla og gera ýmsar æfingar sem þjálfar bæði færni og þol, á meðan þau yngstu gera æfingar í leikskólanum.




Að minnsta kosti einu sinni á dag fara börnin í útiveru á útisvæði leikskólans. Þar njóta þau sín í náttúrulegu umhverfi þar sem þau klifra í klettum og ganga um á ójöfnum. Öll börn fara í hraunferðir eða náttúruskoðun að minnsta kosti einu sinni í viku. Tveir elstu árgangarnir fara í „Hraunið okkar“ sem er staðsett í nágrenni Hrafnistu og yngri börnin fara í hraunið við leikskólann. Í hrauninu ganga þau um í mishæðóttu og grýttu umhverfi og reynir það mjög á hreyfifærni þeirra, þá sérstaklega hvað jafnvægi og samhæfingu snertir. Sýnt hefur verið fram á að í slíku umhverfi aukist hreyfiproski barna meira en í manngerðu umhverfi. Elsti árgangurinn fer í skógarferð að meðaltali einu sinni í mánuði þar sem þau eru á hreyfingu í náttúrulegu umhverfi mest allan daginn.

**\*\*\* Markmiðið er að efla fínhyfingar barnanna.**

**Leiðir:** Börnin æfa sig í fínhyfingum með því að púsla, perla, kubba, teikna, klippa, líma, mála o.s.frv. Þau eru hvött til að klæða sig að mestu sjálf í fataklefa og æfa þannig t.d. að smella, hneppa og renna upp.

## 7.2 Málrækt

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Það tengir fólk saman og eflir samkennd. Í Aðalnámskrá leikskóla segir að málörvun eigi að flétta inn í sem flesta þætti leikskólalastarfsins og að gott sé að nýta hvert tækifæri sem gefist í daglegum athöfnum til málörvunar. Leggja skuli áherslu á málrækt í samtölum, með krefjandi spurningum, með því að lesa fyrir börnin, segja sögur og kenna þeim sögur og þulur. Einnig skuli hvetja börn til að spyrja, segja frá og hlusta (Aðalnámskrá leikskóla. 1999:20). Málrækt á Norðurbergi tekur mið af þessu og jafnframt er lögð áhersla á að kenna gömul og gild orðtæki og málshætti til að auka orðaforða barnanna.



**\*\*\* Markmiðið er að efla málþroska barnanna, auka orðaforða þeirra, hugtakaskilning og máltilfinningu.**

**Leiðir:** Í samverustundum eru lesnar sögur, kvæði og þulur. Einnig er markvisst sungið inni á deildum. Leitast er við að setja orð á athafnir t.d. í fataklefa, við matarborðið og við aðrar daglegar athafnir. Í náttúruskoðun og daglegri útiveru eru tækifæri notuð til að ræða um margbreytileika árstíðanna og orð sett á það sem fyrir augu ber (t.d. tré, blóm, fugl, hart, mjúkt, hrufótt, slétt, heitt, kalt, lítið, stórt). Starfsfólk leikskólans leggur sig fram við að tala vandað íslenskt mál við börnin. Einnig er lögð áhersla á að starfsfólk af erlendum uppruna sækji námskeið í íslensku og öðlist þannig gott vald á íslenskri tungu.

**\*\*\* Markmiðið er að efla hlustun og tjáningu barnanna.**

**Leiðir:** Börnin eru hvött til að hlusta hvert á annað, koma fram og segja frá til að auka orðaforða og málskilning sem og sjálfsöryggi. Börnin eru líka hvött til að segja frá liðnum atburðum og setja orð á tilfinningar sínar. Í upphafi eða lok hvers hópstarfstíma er lesin bók eða sögð saga og börnunum gefið tækifæri til umræðu um hana.

### 7.3 Myndsköpun

Í Aðalnámskrá leikskóla segir að myndsköpun sé mikilvægur tjáningarmiðill og að börn hafi ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli. Þar kemur fram að skapandi myndmótun efli sjálfstraust barna og að í leikskóla eigi að veita barni fjölbreytileg tækifæri til að tjá sig í myndum og margskonar mótanlegum efnum (Aðalnámskrá leikskóla 1999:22,23).



**\*\*\* Markmiðið er að börnin fái tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og reynslu í skapandi starfi og kynnist mismunandi efniviði. Einnig að efla fegurðarskyn þeirra og skapandi hugsun.**

**Leiðir:** Börnin á Norðurbergi hafa góðan aðgang að efniviði til sköpunar og eru hvött til þess að tjá sig á þann hátt. Í hópastarfi fá þau reglulega tækifæri til myndsköpunar í Listasmiðju, auk þess sem efniviður eins og blöð, litir, lím, skæri og leir eru aðgengileg fyrir þau inni á deildum. Í Listasmiðju er mikið úrval efniviðs svo sem þekju- og vatnslitir, pappír með mismunandi áferð, alls konar umbúðir og einnig er þar garn, könglar, skeljar, steinar, sandur, tölur og fleira fyrir börnin til að skapa úr. Reynt er að hafa efniviðinn í hæð barnanna í gegnsæjum ílátum til að auðvelda þeim að velja það efni sem þau vilja vinna með hverju sinni.

Myndsköpun barnanna er einnig tengd árstíðunum fjórum og ýmsir tyllidagar, hátíðisdagar og aðrir merkisdagar í almanakinu eru hvati að myndsköpun þeirra s.s. jólin, þorrinn,



páskarnir o.fl. Farið er með elstu börnin á ýmsar listasýningar og að vori er opið hús með sýningu á verkum barnanna.

#### 7.4 Tónlist

Tónlistaruppeldi er mikilvægt og nauðsynlegt fyrir öll börn. Margbreytileiki tónlistarinnar eflir næmi barnsins fyrir hljóðum, hreyfingu og túlkun á tónlist. Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla eiga helstu þættir tónlistariðkunar barna í leikskóla að vera söngur, hlustun, taktur, hreyfing og leikur með hljóðgjafa (Aðalnámskrá leikskóla. 1999:24).

**\*\*\* Markmiðið er að börnin þroski með sér næmi fyrir hrynjanda, hljóðum, hreyfingu og túlkun á tónlist. Einnig að þau æfist í að koma fram og fái tækifæri til skapandi tjáningar.**

**Leiðir:** Tónlist fléttast inn í daglegt líf leikskólans, þar sem sungið er með börnunum við dagleg störf og í samverustundum. Sameiginleg söngstund er í Kastala einu sinni í viku fyrir allar deildir. Söngtextar eru aðgengilegir fyrir foreldra á vefsíðu leikskólans og einnig er hægt að nálgast þá í fataklefum deilda.



Tónlistarstundir eru í Kastala fyrir eldri börnin og inni á deildum fyrir yngri börnin í hverri viku. Í tónlistarstund fá börnin tækifæri til að hlusta, syngja og hreyfa sig í takt við tónlist, ásamt því að læra um hljóðfæri og spila á þau. Verkefni í tónlistarstundum fara eftir aldri og getu barnanna hverju sinni. Þegar veður leyfir færast tónlistarstundirnar einstaka

sinum út, þar sem marga hljóðgjafa má finna úti í náttúrunni. Þá eru börnin hvött til að hlusta, og athygli þeirra t.d. vakin á hljóðum í fuglum, vindi, regni, trjám o.fl.

Tónlistarvika er í febrúar ár hvert og þá fær tónlistin að leika aðalhlutverkið í starfi leikskólans og börnin búa t.d. til hljóðfæri og hlusta á ýmskonar tónlist.

Árlega koma nemendur úr Tónlistarskóla Hafnarfjarðar í heimsókn og spila fyrir börnin. Elstu börnin fara á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands einu sinni á ári.

Barnakór er starfandi í leikskólanum. Í því starfi er lögð áhersla á að börnin læri lög og texta sem þau geta flutt fyrir gesti og gangandi. Á aðventu ár hvert fer Barnakórinn í heimsókn á Hrafnistu og syngur fyrir heimilisfólk og starfsmenn. Einnig erum við svo lánsöm að fá Hrafnistukórinn í heimsókn til okkar á hverju vori.



Börnin hlusta reglulega á tónlist og tónverk og nota ýmsa hljóðgjafa s.s. tilbúin hljóðfæri sem og heimatilbúin. Einnig búa þau til sín eigin hljóðfæri úr verðlausu efni. Börnin eru hvött til þess að standa upp og syngja fyrir félagu sína bæði í samverustundum og tónlistarstundum. Þeim er frjálst að tjá sig í gegnum söng á sínum forsendum.



## 7.5 Náttúra og umhverfi

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að lífsafkoma mannsins, líf hans og heilsa sé háð náttúrunni og náttúruöflunum og að þekking á náttúrunni og fyrirbærum hennar séu manninum því nauðsynleg. Þar segir að opna þurfi augu barns fyrir fegurð náttúrunnar og vekja virðingu fyrir henni og að leikskólakennurum beri að fara í náttúruskoðunarferðir með börn (Aðalnámskrá leikskóla 1999:26). Í kafla 5, *Umhverfisstefna Norðurbergs*, kom fram að eitt af umhverfismarkmiðunum væri **að barnið kynntist umhverfi leikskólans og þeirri náttúru sem umlyki hann og lærði að bera virðingu fyrir henni**. Í þessum kafla verða kynntar leiðir leikskólans að þessu markmiði sem er jafnan markmiðið fyrir námsviðið *Náttúra og umhverfi*.



Áður en lengra er haldið er rétt að geta þess að útikennsla (hraunferðir, náttúruskoðun, skógarferðir) leikskólans hefur verið í stöðugri þróun undanfarin ár og hefur starfsfólk gert töluvert af því að fylgjast með og tileinka sér nýja hluti sem eru að gerast á þessu sviði, bæði hér á landi og erlendis. Við teljum að náttúrulegt umhverfi hvetji börn til þykjustu- og hlutverkaleikja, en slíkir leikir eru taldir hafa hvað mesta þýðingu allra leikja fyrir alhliða þroska barna. Við lítum svo á að flest það sem hægt er að gera innan veggja leikskólans sé einnig hægt að gera úti. Að með reglulegum og markvissum ferðum út í náttúruna sé hægt að koma inn á öll námsvið leikskóla og þannig sé stuðlað að auknum alhliða þroska barna.

**\*\*\* Markmiðið er að barnið kynnist umhverfi leikskólans og þeirri náttúru sem umlykur hann og læri að bera virðingu fyrir henni.**

**Leiðir:** Öll börn í leikskólanum fara í hraunferðir eða náttúruskoðun einu sinni í viku. Í þeim ferðum fer hver hópstjóri með sinn hóp út í náttúruna til þess að upplifa og njóta. Allir hópar velja sér leynistað og eina skilyrðið fyrir því vali er að á leynistaðnum sé tré, þannig að hægt sé að fylgjast með breytingum sem verða á því eftir árstíðunum. Börnin eru mynduð á leynistaðnum að hausti, vetri, vori og sumri þannig að þau geti á myndrænan hátt, áttað sig á þeim breytingum sem verða á umhverfinu eftir árstíðunum. Þessar ferðir eru sniðnar að aldri barnanna og þroska. Á yngri deildum er lögð áhersla á að börnin upplifi og njóti þess að vera úti í náttúrunni, en eldri börnin fá að auki meiri fræðslu um það sem náttúran hefur að geyma og gefa.

Til þess að hraunferðir og náttúruskoðun barnanna séu sem markvissastar hafa þær verið settar í ákveðinn ramma. Hjá yngstu börnunum er ramminn mjög einfaldur og er þá aðalmarkmiðið að þær hafi alltaf sama upphaf, miðju og endi, en eftir því sem börnin eldast breytast ferðirnar. Allir barnahópar hafa með sér hressingu í þessar ferðir.





### Yngstu börnin

Yngstu börnin fara í náttúruskoðun með sínum hópstjóra einu sinni í viku. Áður en haldið er af stað talar kennari um hvernig veðrið sé úti og sýnir þeim á myndrænan hátt hvernig best sé að klæða sig. Þessi aldurshópur velur sér yfirleitt leynistað á leikskólalóðinni eða í nánasta umhverfi leikskólans og þangað er farið í hvert sinn sem farið er í náttúruskoðun. Við lítum svo á að með því að fara alltaf á sama staðinn þá fari börnin smám saman að þekkja umhverfið og geti því frekar séð þær breytingar sem verða á því og ekki hvað síst verða þau örugg, fara að þekkja sig. Áhersla í útikennslu yngstu barnanna er t.d. að þau upplifi þegar trén fella laufin að hausti og fylgist með þeim myndast aftur að vori, þau sjái grasið grænka, fífla spretta, komi auga á fugla, skordýr o.s.frv.



### 3-4 ára börn

Þessi aldurshópur fer með sínum hópstjóra í hraunferð einu sinni í viku. Eins og hjá yngstu börnunum er yfirleitt farið á sama stað og fer þessi aldurshópur í gróið hraun í nágrenni leikskólans. Það er gaman að segja frá því að börnin fundu sjálf nafn á hraunið og er það nú jafnan kallað „Hraunið okkar.“ Reynslan sýnir að börn sækja í endurtekningar og hafa athuganir ýmissa fræðimanna bent til þess að þau þurfi á þeim að halda til þess að öðlast öryggi og til þess að geta lært, enda byggja þau nýja þekkingu á fyrri reynslu. Þau fara til dæmis að kannast við gróðurinn sem þau sjá, steinana og klettana. Þau fara að þekkja sprungur, misfellur og annað sem gæti ógnað öryggi þeirra. Í „Hrauninu okkar“ velja hóparnir sér leynistaði sem þeir fylgjast með frá viku til viku og hlúa að honum yfir árið. Þarna fá börnin tækifæri til að upplifa, rannsaka og prófa það sem fyrir augu þeirra ber.

Hópstjórar eru hvattir til að fylgjast með því sem börnin eru að fást við og aðstoða þau í þekkingarleit sinni. Í hraunferðum þessa aldursþóps eru lögð áhersla á að börnin kynnist gróðri, plöntum, fuglum og skordýrum sem finna má, og samspili þeirra úti í náttúrunni og að þau átti sig á hvernig náttúran breytist eftir árstíðum.

#### Elstu börnin

Elstu börnin fara einnig í hraunferðir einu sinni í viku. Að auki fara þau að meðaltali einu sinni í mánuði í ferðir í Höfðaskóg sem er á svæði Skógræktar Hafnarfjarðar við Hvaleyrarvatn. Þessar ferðir hafa fengið nafnið „Skógarskólinn.“ Þegar börnin fara í skóginn þá dvelja þau þar frá kl. 10:00 árdegis til klukkan 15:30 og fá þau því bæði hádegismat og nónhressingu þar.

Í upphafi hraunferðanna hjá elstu árgöngum leikskólans fá þrjú börn í hópnum ákveðin hlutverk. Eitt barn er veðurfræðingur, annað er forystusauður og það þriðja er fréttamaður. Veðurfræðingurinn athugar með veðrið áður en haldið er af stað í hraunið og lætur börnin vita á myndrænan hátt hvernig þau skuli klæða sig. Forystusauðurinn fer fyrir hópnum á leiðinni í og úr hrauninu og gætir þess að allir fari eftir umferðarreglum og haldi hópinn. Hann heldur á heimatilbúnum fána deildarinnar. Í lok ferðanna rifjar fréttamaðurinn ferðina upp og spyr hin börnin hvernig upplifun þeirra á ferðinni hafi verið. Þessi hlutverk eiga meðal annars að stuðla að því að börnin verði meðvitaðri um hvernig klæðnaður henti í mismunandi veðri, þau verði öruggari við að tjá sig fyrir framan aðra og læri að axla ábyrgð. Í miðju ferðanna eru verkefni lögð fyrir. Verkefni eru fjölbreytt og mátulega krefjandi og reynt er að sjá til þess að þau komi inn á námssvið leikskóla. Í ferðunum er alltaf endað á því að börnin fá sér heitan „hraunsafa“ og „nasl“ og fréttamaðurinn rifjar ferðirnar upp eins og áður hefur verið lýst.

Í þessum aldursþópi er lögð áhersla á að börnin kynnist gróðri, plöntum, fuglum og skordýrum sem þau sjá úti í náttúrunni og fræðist um lifnaðarhætti þessara lífvera. Börnin átti sig á hvaða hlutir tilheyra náttúrunni og hvaða hlutir gera það ekki og geri sér jafnframt grein fyrir breytingum sem verða á náttúrunni eftir árstíðum. Í hraunferðum þessa hóps er reynt að koma inn á öll námssvið leikskóla. Sem dæmi um það má nefna að úti í náttúrunni er sungið, lesið, teiknað, skrifað, atkvæði orða eru klöppuð og börnin finna orð sem ríma við það sem þau sjá úti í náttúrunni. Lögð er áhersla á að börnin kunni að skrifa nafnið sitt og við það vaknar yfirleitt áhugi á bókstöfunum. Þennan áhuga tengjum við heitum á ýmsum fyrirbærum í náttúrunni. Því höfum við útbúið stóra bókstafi með börnunum sem við síðan felum á ýmsum stöðum í „Hrauninu okkar“ og börnin leita að. S er sett hjá steini, T hjá tré, G hjá gili o.s.frv.

## 7.6 Menning og samfélag

Í Hafnarfirði dafnar gróskumikið atvinnulíf í margbrotnu landslagi við sjávarsíðuna. Þar blómstrar menningarlíf í fjölbjóðasamfélagi. Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að leikskóla beri að nýta þau menningarlegu og félagslegu tækifæri sem umhverfi hans og staðsetning gefur kost á, þannig að börnin kynnist smám saman því samfélagi sem þau búa í (Aðalnámskrá leikskóla 1999:29).



**\*\*\* Markmiðið er að börnin kynnist því samfélagi og umhverfi sem þau búa í.**

**Leiðir:** Farið er reglulega með börnin í gönguferðir um nágrenni leikskólans. Ýmis söfn í Hafnarfirði eru heimsótt s.s. Byggðarsafn Hafnarfjarðar, Bókasafn Hafnarfjarðar, Hafnarborg og Sívertsenshús. Ýmsir vinnustaðir eru heimsóttir s.s. lögreglustöðin, ráðhúsið, pósthúsið, kjörbúðir og Hrafnista. Einnig eru kirkjur og almenningsgarðar Hafnarfjarðar sóttir heim.

**\*\*\* Markmiðið er að börnin kynnist menningararfi íslensks þjóðlífs.**

**Leiðir:** Lesin eru íslensk ævintýri og þjóðsögur fyrir börnin og þeim kenndar þulur, rímur, gátur og söngvar. Gömlum leikjum eins og *fuglafit*, *í grænni lautu* og *hlaupa í skarðið* er einnig viðhaldið. Þjóðtrúnni og hafnfirsku trúnni á hinum ósýnilegu íbúum í steinum og bergi er haldið á lofti, þeim gert til góða á jólum og tilvist þeirra ígrunduð. Einu sinni á ári fá öll börn leiksýninigu í leikskólanum.



Dagur íslenskrar tungu, 16. nóvember, er haldinn hátíðlegur ár hvert. Þá er uppákoma í Kastalanum (sal leikskólans) þar sem boðið er upp á upplestur barna úr Engidalsskóla. Barnakórinn syngur nokkur íslensk lög og boðið er upp á sviðakjamma og rófustöppu.

**\*\*\* Markmiðið er að börnin kynnist öðrum menningarheimum.**

**Leiðir:** Á Degi evrópskrar tungu, 26. september, eru ólík tungumál viðfangsefni dagsins. Ólík tungumál eru gerð sýnileg innan leikskólans og leitað er til erlendra foreldra eða starfsmanna til að segja börnunum sögur. Á Degi sameinuðupjóðanna, 24. október, er sett upp sýning á munum frá þeim þjóðlöndum sem börnin í leikskólanum rekja uppruna sinn til. Fánar landanna eru hengdir upp og boðið er upp á mat frá einhverjum af þeim löndum sem börn eða starfsmenn koma frá. Auk þessa er hlustað á tónlist frá ólíkum menningarheimum og hugað er að því að efniviður til leiks endurspegli fjölbreytileika mannlífsins.



**\*\*\* Markmiðið er að börnin kynnist íslenskum hefðum sem tengjast dagatalinu, árstíðunum, leikskólanum og bænum okkar.**

**Leiðir:** Haldið er upp á afmæli leikskólans sem opnaður var 1. desember árið 1982, með afmælistertu og söng. Fimmta hvert ár er börnum, foreldrum og velunnurum síðan boðið til veglegrar veislu. Einnig er haldið upp á afmæli barna og starfsmanna.

Komu jólanna er fagnað á aðventunni með ýmsu móti. Jóladagatalið er sett upp, aðventustjakar búnir til, kveikt á aðventukertum, jólalög eru sungin, elstu börnin sækja jólatré fyrir leikskólann (í Höfðaskóg), dansað er í kringum jólatréð, skata borðuð á þorláksmessu og boðið upp á jólahlaðborð með hangikjöti og öllu tilheyrandi. Á aðventunni

búa börnin til jólagjafir handa foreldrum sínum og einnig bjóða þau þeim í heitt súkkulaði og heimabakaðar piparkökur. Tveir elstu árgangarnir fara í heimsókn í Sívertsenshús og þar fá þau að kynnst jólahaldi fyrri ára. Jafnframt fara elstu árgangarnir í Jólalög Hafnarfjarðar með heimatilbúið skraut og skreyta jólatré þar. Barnakórinn syngur jólalög fyrir heimilisfólkið á Hrafnistu og tekur af og til þátt í „Syngjandi jólum“ í Hafnarborg. Börnin syngja jólin út á þrettándaðum, grímuklædd með stjörnuljós.



Á bóndadaginn er þorri blótaður í mat og söng. Þá er jafnan sett upp sýning á þjóðlegum munum og fengnar eru að láni safnakistur frá Þjóðminjasafni Íslands. Haldið er upp á bollu- og sprengidaginn á hefðbundinn hátt og á öskudaginn er náttfataball, börnin máluð og kötturinn sleginn úr tunnunni.

Í vikunni fyrir dymbilvikuna fara elstu börn leikskólans í kirkju þar sem þau fræðast um kirkjumuni og hefðir og einnig erum við með páskaeggjaleit úti í leikskólalóðinni.

## 8. Samstarf heimilis og leikskóla

### 8.1 Foreldrasamstarf

Foreldrar bera meginábyrgð á velferð og uppeldi barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Góð samvinna og traust milli foreldra og starfsmanna er undirstaða þess að barninu líði vel í leikskólanum.

Meginmarkmiðið með foreldrasamstarfi er að:

- veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans og líðan barnsins
- styrkja samskipti og samvinnu heimilis og skóla og skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti um uppeldi barna
- stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans

### 8.2 Aðlögun

Góð aðlögun er forsenda þess að barninu líði vel í leikskólanum. Þar er lagður grunnur að öryggi og trausti í samskiptum við barnið. Aðlögun er skipulögð af leikskólakennurum í samráði við foreldra. Það er einstaklingsbundið hversu langan tíma barnið þarf til að geta skilið við foreldra sína og verið öruggt í nýju umhverfi. Hafa ber í huga að barnið þarf að aðlagast nýju umhverfi, kynnst starfsfólki leikskólans og öðrum börnum, læra að vera í hóp, hlýta reglum og margt fleira. Það er því mikilvægt að foreldrar gefi sér góðan tíma í aðlögunarferlinu svo vel takist til með upphaf leikskólagöngu barnsins.

### 8.3 Foreldrasamtöl

Formleg foreldrasamtöl eru einu sinni á ári og oftast ef þörf þykir. Þau fara fram í febrúar og mars og eru foreldrar boðaðir í samtöl á ákveðnum tímum. Í þessum samtölum gefst foreldrum og starfsmönnum færi á að ræða um líðan barnsins í leikskólanum og væntingar foreldra til leikskólastarfsins. Foreldrar fá umræðupunkta með sér heim til undirbúnings fyrir samtalið. Leikskólakennarar sitja öll samtölin og farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

### 8.4 Foreldrafundir

Áður en barnið hefur leikskólagöngu sína á Norðurbergi eru nýjir foreldrar boðaðir á kynningarfund í upphafi sumars. Leikskólastjóri kynnir starfsemi og áherslur leikskólans, skrifað er undir samning um leikskóladvöl, farið er yfir reglur og hefðir leikskólans og þær væntingar sem leikskólinn og foreldrarnir hafa til samstarfsins.

Á hverju hausti er fundur með foreldrum þar sem starfsáætlun og skóladagatal leikskólans er kynnt ásamt því að starfsmenn og foreldrar kynna sig. Þetta eru deildarskiptir fundir þar sem foreldrum gefst færi á að kynna sér betur starfsemi sinnar deildar.



### 8.6 Þátttaka foreldra og aðstandenda í leikskólastarfinu

Foreldrum er boðið upp á kaffi í morgunsárið einu sinni til fimm sinnum í viku. Á aðventu er þeim boðið í heimabakaðar piparkökur og heitt kakó um leið þau hlýða á söng Barnakórsins. Á þorranum er ömmu og afa boðið í morgunmat, hafragraut og slátur. Á Degi leikskólanna, 6. febrúar, er foreldrum boðið í morgunverð þar sem boðið er upp á hrökkbrauð og heimagert marmelaði. Í byrjun júní er Opið hús í leikskólanum þar sem haldin er sýning á völdum verkum barnanna og boðið er upp á kaffi og vöffur gegn vægu verði. Þennan sama dag hefur foreldrafélagið leigt hoppukastala fyrir börnin.



### 8.7 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Stjórn félagsins er kosin á aðalfundi á haustin og samanstendur af einum fulltrúa frá hverri deild. Leikskólastjóri situr í stjórn sem fulltrúi starfsmanna og heldur utan um félagsgjöldin. Stjórnarfulltrúar sitja í tvö ár í senn.

Markmið foreldrafélagsins er að stuðla að velferð barna í leikskólanum og veita fjárhagslegan stuðning við ýmislegt í starfsemi leikskólans. Foreldrar borga félagsgjöld sem eru innheimt tvisvar á ári. Félagið stendur fyrir eða tekur þátt í árvissum viðburðum s.s jólastund og leiksýningu á aðventunni, kaupum á jólasveini á jólaball, fræðslu til foreldra, hoppukastala á Opnu húsi, rútuferðum í sumarferð leikskólans, útskriftarferð elstu barnanna og annað sem uppá kemur hverju sinni.

Netfang foreldrafélagsins er: [foreldrafelag.nordurberg@hafnarfjordur.is](mailto:foreldrafelag.nordurberg@hafnarfjordur.is)

## 8.8 Foreldraráð

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar í leikskólastarfi.

Kosning í foreldraráð á að fara fram eigi síðar en í lok október og kosið er til eins árs í senn.

## 8.9 Upplýsingar

Helsta fréttaveita leikskólans er í gegnum heimasíðu hans [www.leikskolinn.is/nordurberg](http://www.leikskolinn.is/nordurberg). Forsíða heimasíðunnar ásamt deildarsíðum eiga að uppfærast með nýjar fréttir og myndir úr starfinu að lágmarki einu sinni í viku. Helstu upplýsingar um innra starf leikskólans og sögu hans má finna undir flípanum *Um leikskólann*. Aðrir mikilvægir flípar eru; *Daglegt líf*, *Deildir*, *Grænféni*, *Foreldrafélag* og *Fjölskyldusíða*.

Jólafréttir (einblöðungur) eru gefnar út í byrjun aðventu og sett í hólfi barnanna. Annars eru boðleiðir meira eða minna rafrænar frá leikskólanum til foreldra í gegnum netföng þeirra. Allar helstu auglýsingar um viðburði í leikskólanum hanga við inngang á hverri deild og jafnframt eru gefnar upplýsingar á tússtöflum í fataklefum deildanna.

Netfang leikskólans er [nordurberg@hafnarfjordur.is](mailto:nordurberg@hafnarfjordur.is) og er foreldrum velkomið að koma með fyrirspurnir og tilkynningar á netfangið eða nýta sér netföng viðkomandi deilda.

Tröllagil: [nordurtroll@hafnarfjordur.is](mailto:nordurtroll@hafnarfjordur.is)  
Álfasteinn: [norduralfar@hafnarfjordur.is](mailto:norduralfar@hafnarfjordur.is)  
Birkiból: [nordurbirki@hafnarfjordur.is](mailto:nordurbirki@hafnarfjordur.is)  
Klettaborg: [nordurklettur@hafnarfjordur.is](mailto:nordurklettur@hafnarfjordur.is)  
Lundur: [nordurlundur@hafnarfjordur.is](mailto:nordurlundur@hafnarfjordur.is)

## 9. Mat á leikskólastarfinu

Mat skal gert með hliðsjón af lögum, reglugerð og Aðalnámskrá leikskóla. Mat á leikskólastarfi er skipt í innra mat (sjálfsmat) og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsmönnum leikskólans, en ytra mat er unnið á vegum utanaðkomandi aðila eins og Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar (í formi foreldrakannana og athugana) eða menntamálaráðuneytis.

### 9.1 Innra mat

Innra mat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólanum og er leið til að auka gæði skólastarfsins og gera það skilvirkara. Matið er notað í þeim tilgangi að þróa og bæta starfið og athuga hvort þau markmið sem leikskólinn hefur sett sér hafi náðst. Á starfsmannafundum, deildarstjórafundum og á skipulagsdögum er farið yfir starfsemina og hún endurskoðuð og metin. Á skipulagsdegi að vori er starfsáætlun liðins vetrar endurmetin af öllu starfsfólki leikskólans og gerðar breytingar ef þurfa þykir.

### 9.2 Mat á stöðu leikskólabarna

Leikskólakennari leggur persónulegt mat á almennann þroska hjá börnum sem byggt er á þekkingu hans, reynslu og viðmiðunum við barnahópinn í hvert skipti. Þetta mat er lagt til grundvallar í foreldrasamtölum einu sinni á ári. Ef grunur leynist um alvarleg þroskafrávik eru notuð matstæki eins og *Íslenski þroskalistinn* til þess að meta alhliða þroska einstakra barna.

Öll fimm ára börn leikskólans fara í *Hljóm-2*, sem er greiningartæki sem metur hljóðkerfisvitund þeirra. Tækið er talið geta spáð fyrir um getu barna til lestrarnáms.

Mat á stöðu og þroska barna er ávallt gert í samráði við foreldra og þeim kynntar niðurstöður.



## 10. Starfsmannahópurinn

Starfsmannahópurinn á Norðurbergi starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, og öðrum lögum sem við eiga, Aðalnámskrá leikskóla og starfslýsingu og stefnum Hafnarfjarðarbæjar.

Lögð er áhersla á góð og heiðarleg samskipti og að starfsmönnum líði vel á vinnustaðnum og finni til ánægju og starfsöryggis. Starfsmenn hafa til viðmiðunar þrjú megin gildi sem tengjast öllum almennum samskiptum. Þau eru: *gagnkvæm virðing, komdu fram við náungann eins og þú vilt að hann komi fram við þig* og að *vera jákvæður* þessi gildi eru sýnileg á hverri deild. Stefnt er að því að leikskólinn Norðurberg sé vel mannaður fagfólki.

### 10.1 Starfslýsingar:

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskólans og ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á uppeldisstarfi hans og sér til þess að starfsemin fari fram í samræmi við lög og reglugerðir. Leikskólastjóri ber jafnframt ábyrgð á samstarfi við foreldra og forráðamenn.

Aðstoðarleikskólastjóri vinnur ásamt leikskólstjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppeldisstarfsins. Hann er staðgengill leikskólastjóra í fjarveru hans og vinnur þá samkvæmt starfslýsingu hans.

Deildarstjóri hefur umsjón með faglegu starfi og stjórnun sinnar deildar. Hann skipuleggur og vinnur að uppeldi og menntun barnanna og fylgist með velferð þeirra í samvinnu við foreldra.

Leikskólakennari tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs deildarinnar undir stjórn deildarstjóra. Hann vinnur að uppeldi og menntun barnanna.

Sérkennslustjóri ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og endurmati allrar sérkennslu í leikskólanum ásamt leikskólastjóra og deildarstjóra. Hann vinnur í nánú samstarfi við foreldra.

Leikskólasérkennari, leikskólakennari, þroskajálfi eða leiðbeinandi starfa á deildum vegna sérkennslu einstakra barna í samstarfi við sérkennslustjóra og deildarstjóra.

Leiðbeinandi vinnur að uppeldi og menntun barnanna undir stjórn deildarstjóra og leikskólakennara.

Yfirmaður eldhúss sér um matargerð, samsetningu matseðils og innkaup í eldhús. Hann ber ábyrgð á stjórnun, skipulagi, framkvæmd og endurmati starfsins í eldhúsi og þvottahúsi í samráði við leikskólastjóra og samstarfsfólk. Hann ber jafnframt ábyrgð á að Games-hreinlætisáætlun sé framfylgt.

Aðstoðarmaður í eldhúsi er aðstoðarmaður yfirmanns í eldhúsi.

Ræstitæknar sjá um þrif á öllu húsinu.

## 10.2 Símenntun starfsmanna

Mikilvægur þáttur í góðu leikskólastarfi er hæft og áhugasamt starfsfólk með góða fagþekkingu. Til að viðhalda og stuðla að faglegum vinnubrögðum er starfsfólki boðið upp á og hvatt til símenntunar. Starfsmannasamtöl fara fram einu sinni á ári. Í þeim fær starfsfólk tækifæri til að koma fram með óskir um símenntun sem mið er tekið af í Símenntunaráætlun leikskólans fyrir næstkomandi skólaár.

## 10.2 Skipulagsdagar og starfsmannafundir

Fimm skipulagsdagar eru á hverju skólaári og eru þeir nýttir í endurmenntun, endurmat á starfinu, deildarfundi og áætlanagerðir. Skipulagsdagar leik- og grunnskóla í Hafnarfirði eru samræmdir. Þeir eru tilgreindir á skóladagatali leikskólans sem kemur út 1. september ár hvert. Starfsfólk situr sex starfsmannafundi á hverju skólaári.



## **11. Hagnýtar upplýsingar**

### **11.1 Leikskólagjöld**

Leikskólagjöld eru greidd fyrirfram og er gjalddagi 1. hvers mánaðar. Veittur er 30% systkinaafsláttur vegna annars barns, 60% vegna þriðja barns og ekkert gjald er greitt fyrir fjórða barn. Afsláttur reiknast af gjaldi eldra systkinis. Segja þarf upp leikskólaplássi með eins mánaðar fyrirvara hjá leikskólastjóra á þar til gerðum eyðublöðum. Ef óskað er eftir breytingum á dvalartíma barnsins þarf að hafa samband við leikskólastjóra. Umsóknir um flutning milli leikskóla eru gerðar í gegnum íbúagáttina á heimasíðu Hafnarfjarðar.

Heimilt er að fella niður hálf mánaðargjald í leikskóla ef barn hefur verið frá vegna veikinda í samfelld tvær vikur. Ef um langvarandi veikindi er að ræða er hægt að sækja um frekari niðurfellingu. Beiðnir um niðurfellingu eru metnar af leikskólastjóra og fræðslustjóra. Í þeim tilvikum þarf að skila læknisvottorðum.

### **11.2 Veikindi og fjarvistir**

Veikist barn í leikskólanum er haft samband við foreldra og óskað eftir að barnið sé sótt. Eftir veikindi er sjálfsagt að halda barni inni í samráði við deildarstjóra. Lyfjagjöf á leikskólanum er ekki leyfileg nema þegar um lífsnauðsynleg lyf ( t.d. astmalyf) er að ræða.

Mikilvægt er að tilkynna um fjarvistir barns, hvort sem það er vegna veikinda eða fría. Æskilegt er að tilkynningin berist fyrir kl. 10:00, áður en skipulagt hópastarf hefst og svo hægt sé að áætla réttan fjölda barna í hádegismat. Þetta er einnig mikilvægt til þess að börnin geti hugsað með hlýju til veikra vina sinna og samglaðst þeim sem eru í fríum og á ferðalögum!

### **11.3 Óhöpp og slys**

Þar sem fjöldi barna er samankominn geta óneitanlega orðið óhöpp og jafnvel slys. Ef slíkt kemur fyrir er strax haft samband við foreldra og ef nauðsyn krefur er farið með barn á slysadeild.

### **11.4 Fatnaður**

Alltaf skal miða klæðnað barns við veður hverju sinni og þá starfsemi sem fer fram í leikskólanum. Nauðsynlegt er að merkja fötin vel með nafni barnsins svo þau komist til skila. Barnið þarf að vera með aukaföt til skiptana, sem geymd eru í plastboxi í hólfi þess. Ekki er þörf á að tæma boxið á föstudögum. Foreldrar eru beðnir að tæma tösku barnsins á mánudögum og taka hana með heim. Hólfín eru svo tæmd á föstudögum. Gott er að hafa poka fyrir óhrein og blaut föt í hólfinu. Það er á ábyrgð foreldra að yfirfara fatahólf barnanna daglega. Bleiubörn þurfa að koma með bleiur til skiptana.



### 11.5 Afmæli

Að eiga afmæli er merkisviðburður í lífi okkar allra. Á Norðurbergi er haldið með eftirminnilegum hætti upp á afmæli barnanna. Á afmældisdaginn fá þau að bera kórónu, borða af afmældisdiski og drekka úr afmældisglasi. Þau fá afmældiskort og félagarnir syngja afmældissöng fyrir þau. Í afmældisveislunni er boðið upp á ávexti og að sjálfsögðu er fáninn dreginn að húni afmældisbarninu til heiðurs. Ekki er leyfilegt að börnin komi með veitingar með sér að heiman á afmældisdaginn. Einungis er leyfilegt að dreifa boðskortum í hólfi barnanna að höfðu samráði við deildarstjóra.

### 11.6.. Uppákomudagar í leikskólanum

Skóladaatal Norðurbergs má finna á heimasíðu leikskólans. Þar eru m.a. uppákomudagar sem standa einir og sér eða tengjast viðburðum í dagatalinu. Þeir eru:

- Evrópska samgönguvikan
- Hjóladagar
- Evrópski tungumáladagurinn
- Dagur Sameinuðu þjóðanna
- bangsadaygur
- Dagur íslenskrar tungu
- bókavika
- þrettándinn
- bóndadaygur
- bolludagur
- sprengidaygur
- öskudagur
- spilavika
- tónlistarvika
- íþróttadaygur
- hattadaygur
- Dagur umhverfisins

